

Varðar: Skógarsel 12 – fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. október 2023 var lögð fram fyrirspurn Íþróttafélags Reykjavíkur, dags. 2. október 2023, um staðsetningu og sýnileika auglýsingaskiltis við Breiðholsbraut. Einnig er lagt fram samkomulag Reykjavíkurborgar, umhverfis- og skipulagssviðs, og Íþróttafélags Reykjavíkur, dags. 2. maí 2016.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi er lóðin og byggingin við Skógarsel 12 staðsett á opnu svæði, OP29, íþróttasvæði innan hverfis en það eru íþróttasvæði og almenn útivistarsvæði, einkum á vegum íþróttafélaga.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, Suður Mjódd, samþykkt 28. janúar 2009 með síðari breytingum.

Umsögn

Á lóðinni eru íþróttasvæði ÍR með tilheyrandi íþróttamannvirkjum, byggingum og íþróttavöllum. ÍR á auglýsingaskilti utan lóðar, við Breiðholsbraut, sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi (D2). Óskað er álits skipulagsfulltrúa á staðsetningu og sýnileika á umræddu auglýsingaskiltis við Breiðholsbraut. Vísað er í samning milli ÍR og Reykjavíkurborgar þar sem kveðið er á um að finna skuli nýja staðsetningu fyrir auglýsingaskilti vegna fyrri atvika er tengist fellingu trjágróðurs á borgarlandi til að auka sýnileika, í óþökk borgarinnar.

Í gildi er samþykkt um skilti í Reykjavík maí 2020 (https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/samthykkt_um_skilti_mai_2020_-_endanleg_utgafa_a_vef.pdf)

Þar segir m.a.:

- Markmið:**
1. Að skilti séu íbúum borgarinnar ekki til ama eða óþæginda og að þau skerði ekki hönnun mannvirkja, hafi neikvæð áhrif á umhverfi eða skerði ásýnd borgarinnar.
 2. Að hafa stjórn á fjölda, gerð, stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta í lögsögu Reykjavíkur þannig að þau ógni ekki öryggi vegfarenda.
 3. Að auðvelda afgreiðslu byggingarleyfisumsókna um skilti þegar það á við.

Umhverfi og ásýnd borgarinnar: Til þess að skilti spilli ekki umhverfi og ásýnd borgarinnar eru sett ákvæði um stærðir og fjölda þeirra í borgarlandi og á lóðum. Jafnframt er kveðið á um að skilti falli vel að umhverfinu.

Íbúar: Í reglunum eru ákvæði um grenndarrétt, þ.e. að í íbúðarbyggð skulu ekki vera upplýsinga- eða auglýsingaskilti sem hafi truflandi áhrif svo sem vegna stærðar, ljóma eða ásýndar. Íbúum skal einnig vera grenndarkynnt byggingarleyfi fyrir skilti þegar heimild er ekki til staðar í deiliskipulagi.


Staðsetning: Staðsetning skilta skal metin eftir grenndaráhrifum. Til að mynda getur skilti verið staðsett á iðnaðarsvæði en haft áhrif á íbúðarsvæði vegna ljóma, stærðar o.s.frv.

Auglýsingaskilti fyrir fyrirtæki og þjónustu skulu almennt staðsett á mannvirkjum. Heimilt er að staðsetja skilti innan lóðar, svo framfar sem þau séu í samræmi við reglur sem hér koma fram og að undangenginni leyfisveitingu. Upplýst skilti skulu ekki vera staðsett þannig að þau hafi truflandi áhrif á íbúðarbyggð.

Skipulag, útlit og hönnun: Skilti skulu ávallt vera í samræmi við gildandi skipulag. Í deiliskipulagi er heimilt að takmarka notkun skilta enn frekar eða veita rýmri heimildir en það sem reglur þessar kveða á um.

Fyrirspurnin snýst um að finna nýjan stað fyrir skilti sem þegar er heimild fyrir í deiliskipulagi og fyrir liggur samningur um tilfærslu.

Almennt skal staðsetja auglýsingaskilti fyrir fyrirtæki og þjónustu á mannvirkjum Nýtt auglýsingaskilti verður ekki samþykkt utan lóðar, eins og nú er raunin. Finna verður nýjan stað innan lóða ÍR. Skiltinu þarf að koma fyrir með lágmarks áhrif á íbúa, en vera samt í alfararleið vegna sýnileika. Kort sýnir óæskilega staði fyrir skilti með rauðu merki en einnig hugsanlegar staðsetningar, merktar með bláu. Íbúðarbyggð er merkt með gulum hringjum. Mögulegar staðsetningar þurfa að vera að lágmarki 20 m frá innkeyrslum og gatnamótum með fyrirvara um sjónlengdir.



Yfirlitsmynd sem sýnir hugsanlega svæði fyrir staðsetningu á nýju skilti með ljósbláum lit

Svæðið fyrir hugsanlega staðsetningu á skilti, sem mörkuð er með ljósbláu á yfirlitsmynd er í a.m.k. 90 metra fjarlægð frá þjóðvegi og ætti því ekki að hafa neikvæð áhrif á umferð á honum.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að ÍR láti vinna að breytingu á deiliskipulagi til að heimila skilti innan lóðar, sambærilegt og því sem nú er til staðar við Breiðhóltsbraut sbr. umsögn.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri

Borgartún 12-14 / 105 Reykjavík / Sími 411-1111 / www.reykjavik.is